

Bókun Sjálfstæðisflokksins við seinni umræðu um fjárhagsáætlun sem og fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2022-2025 í bæjarstjórn þann 14. desember 2021.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna framkominni fjárhagsáætlun sem og fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun. Milli umræðna hafa orðið jákvæðar breytingar á fyrirbyggjandi áætlunum og því munu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja framlagðar áætlanir.

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun tekur á stórum sem smáum verkefnum sem sum hver færast á milli ára en nauðsynlegt er að fylgja þeim vel eftir og klára þau með myndarbrag. Þetta eru verkefni á borð við leikskóla í Skógarhverfi, endurbætur á Grundaskóla sem og öðrum stofnunum bæjarins, uppbygging íþróttamiðstöðvar á Jarðarsbökkum og fleiri góð verkefni.

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun hefur einkennst af mikilli samvinnu í fagræðum og bæjarstjórn. Málefni sem áður voru ágreiningsmál hafa þroskast í samtali bæjarfulltrúa og leitt af sér hugmyndir sem eru bæjarfélaginu til mikils sóma og sýnir metnaðarfulla framtíðarsýn. Niðurstaða bæjarstjórnar um uppbyggingu Samfélagsmiðstöðvar á Dalbraut 8 er gott dæmi um víðsýni og góða samvinnu í bæjarstjórn.

Þá hefur verið fallið frá uppbyggingu íbúðakjarna í Jörundarholti og bæjarstjórn einsett sér það verkefni að finna kjarnanum nýja staðsetningu í sátt við samfélagið og þá sem málið varðar.

Í vinnu við fjárhagsáætlun var horft til þeirra athugasemda sem liggja nú fyrir í úttekt KPMG á rekstri Akraneskaupstaðar. Þeirri vinnu er ekki lokið en ljóst er að verkefni bæjarstjórnar á komandi misserum eru krefjandi, sérstaklega er nauðsynlegt að ná utan um háan launakostnað sem og að kortleggja málaflokk velferðar- og mannréttindamála.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur einnig áherslu á að flýta hönnun á nýjum leikskóla sem staðsettur verður í eldri hluta bæjarins. Mikilvægt er að mæta þeirri miklu fjölgun sem við sjáum í sveitarfélaginu með góðri þjónustu, ekki síst við ungt fólk.

Markmið bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins eru skýr og er ánægjulegt að sjá þau í þeirri fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem lög er fram til samþykktar í dag.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)

Einar Brandsson (sign)

Ólafur Adolfsson(sign)